

REGLUR

um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

1. gr.

Að svo miklu leyti sem ekki er sérstaklega mælt fyrir á annan veg í reglum þessum gilda ákvæði laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, og um bókhald nr 145/1994, svo og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur um gerð ársreiknings Seðlabanka Íslands.

2. gr.

Gulleign bankans skal meta á síðasta skráða verði ársins, eins og það er ákvarðað af Fixing Committee of the London Bullion Association.

3. gr.

Kostnaðarverð varanlegra fjármuna skal gjaldfæra í rekstrarreikningi á því ári, sem þeir eru keyptir eða byggðir.

4. gr.

Árlega skal færa verðbreytingafærslu. Stofn til útreiknings hennar skal annars vegar miðast við stöðu gengistryggðra efnahagsliða og skal þá miðað við breytingar á gengi SDR á árinu. Hins vegar skal útreikningurinn taka til stöðu efnahagsliða í íslenskum krónum og skal þá miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs á árinu. Framreikna skal stöðu efnahagsliða í ársbyrjun til árslokaverðlags og taka tillit til breytinga á árinu. Mismunurinn á þannig reiknaðri stöðu og raunverulegri stöðu efnahagsliða í árslok myndar verðbreytingafærslu ársins.

5. gr.

Framlag til ríkissjóðs af rekstrarafgangi bankans skal reikna og gjaldfæra í rekstrarreikningi og skuldfæra í efnahagsreikningi, sbr. 34. gr. laga nr. 36/2001.

6. gr.

Reglur þessar eru settar á grundvelli 32. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands. Reglurnar öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um sama efni nr. 67/2000.

Forsætisráðuneytinu, 17. desember 2001.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.